

### 3. fundur, haldinn að Breiðabliki 4. apríl 2013.

Mættir: Guðbjartur Gunnarsson, Sigurður Hreinsson, Hrefna Birkisdóttir, Halldór Jónsson, Þröstur Aðalbjarnarson og Eggert Kjartansson, varamaður.

Gestir fundarins: Sturla Böðvarsson, ráðgjafi og Konráð Konráðsson, endurskoðandi.

1. mál. Hitaveitumálin.

Sturla Böðvarsson lagði fram greinargerð um málefni Hitaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps.

Í samræmi við samkomulag við Þróunarfélag Snæfellinga ehf. um vinnu undirritaðs að verkefnisstjórn vegna endurskipulagningar Hitaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps og í samræmi við samþykktir stjórnar hitaveitunnar er kynnt tillaga um næstu skref og svofelld greinargerð um stöðu mála.

1. Vísað er til úttektar og minnisblaðs Verkís frá 24.05.2012, skýrslu Verkís um stækkun veitunnar ásamt frumáætlun og kostnaðaráætlun dagsett í ágúst 2012, skýrslu Atvinnuráðgjafar SSV um sex mismunandi sviðsmyndir veitunnar, sem dagsett er í feb. 2013.
2. Á grundvelli hefur verið unnið í samræmi við samþykktir aðila um þá kosti sem taldir eru vera fýsilegastir fyrir heildarhagsmuni íbúa hreppsins.
3. Í samræmi við samþykkt hreppsnefndar 11. feb. 2013 hefur undirritaður ásamt Konráði Konráðssyni endurskoðanda átt fund með hluthöfum HEM. Fundarboð var sent til allra hluthafa hitaveitunnar og fylgdi tölvuskeytinu skýrsla Atvinnuráðgjafar SSV og gátu hluthafar kynnt sér þau gögn fyrir fundinn. Kynntar voru fyrirbyggjandi skýrslur og sérstaklega tillaga um sveitarfélagsveitu í samræmi við sviðsmynd VI í skýrslu ASSV. Eigendur Félagsbúsins á Miðhrauni höfðu viðræðum og komu ekki til þess fundar sem boðað var til. Aðrir hluthafar mættu nær allir og áttu sér stað gagnleg skoðanaskipti eftir að tillaga um sveitarfélagsveitu hafði verið kynnt. Það er mat undirritaðs að það þjóni takmörkuðum tilgangi að leita frekari viðræðna um þessa leið að svo stöddu.
4. Í ljósi þessarar niðurstöðu og að þeirri fosendu gefinni að hreppsnefnd vilji leita til þrautar eftir leiðum sem gætu leitt til þess að sem flestir íbúar hreppsins gætu átt þess kost að tengjast hagkvæmri hitaveitu telur undirritaður eftirfarandi leið vænlegasta.
5. Gera verður ráð fyrir því að stjórn hitaveitunnar vinni að því næstu daga að tryggja efnahag veitunnar með hækkun gjaldskrár og fjárhagslegri endurskipulagningu svo tryggja megi stækkun hennar. Náist ekki samstaða innan stjórnar um nauðsynlegar aðgerðir og stækkun veitunnar láti hreppsnefnd kanna þann kost að stofna nýtt félag, Sveitarfélagsveitu, sem nýti sér heimildir hreppsins til þess að bora eftir heitu vatni í landi Eiðhúsa og selji

inn á dreifikerfi sem byggt væri upp. Komi til þessaverði gengið til viðræðna við ábúendur jarða í hreppnum að þeir tengi heimili sín og búrekstur dreifikerfi þeirrar veitu og semji um kaup á heitu vatni á grundvelli þeirrar gjaldskrár sem sett yrði upp, enda reyndist sá kostur hagkvæmari en kaup á raforku til húshitunar. Jafnframt verði leitað eftir samningum við fjárfesta sem væru tilbúnir til þess að semja um orkukaup stórnotenda frá veitunni til atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu.

6. Leitað verði eftir samstarfi viðskiptabanka hreppsins, Lánasjóðs sveitarfélaga og Orkusjóðs vegna þessa verkefnis.

Oddviti leggur til að sveitarstjórn geri tillögurnar að sínum. Sigurður situr hjá, aðrir voru því sammála. Sigurður telur sig ásamt Guðbjarti, Hrefnu og Þresti vanhæfa til að fjalla um málefni Hitaveitu Eyja- og Miklaholtshrepps þar sem þessir aðilar eru hluthafar í henni. Þar sem nefndir hreppsnefndarmenn hafa ekki talið ástæðu til að víkja af fundi telur Sigurður rétt að hann sitji þar einnig.

Oddviti lagði fram bréf frá Þórði Runólfssyni. Oddvita falið að gera uppkast að svarbréfi og leggja það fyrir næsta fund.

2. mál. Innkaupareglur sveitarfélaga lagðar fram til kynningar.

3. mál. Stjórnsýsluúttekt – skýrsla KPMG. Skýrslan lögð fram til kynningar.

4. mál. Íbúaskrá lögð fram.

Á íbúaskrá frá hagstofunni eru 156 íbúar í hreppnum miðað við 1. des. 2012.

5. mál. Ýmis bréf lögð fram. Kjörskrá lögð fram.

Önnur mál. Bréf Innanríkisráðuneytisins.

Sigurður víkur af fundi vegna vanhæfis þar sem fyrirspurnin kemur upphaflega frá honum. Oddvita falið að ganga frá málinu með aðstoð lögmanns.

Fleira ekki gert. Fudargerð lesin og samþykkt.